

Priðjudaginn 6. nóvember 1990.

Nr. 262/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Reyni Haraldssyni

(Kristján Stefánsson hdl.).

Umferðarlög. Bifreiðar. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1990 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á öðrum viðurlögum.

Ákærði krefst aðallega sýknu í málinu, en til vara, að hann verði einvörðungu dæmdur til fésektar og svipting ökuréttinda til bráðabirgða metin ógild.

Fyrir Hæstarétti hefur það verið upplýst um beitingu ratsjártækja við mælingu á ökuhraða, þegar mælt er úr lögreglubifreið á ferð, svo sem hér var, að ratsjá eigi þá að vera stillt á mælingu að hreyfihætti (moving mode) með hnappi, er greinir á milli hennar og mælingar úr kyrrstöðu (stationary mode). Eigi ökuhraði þeirrar bifreiðar, sem mæling beinist að, þá að koma fram á vinstri skjá ratsjárinnar, en hraði lögreglubifreiðarinnar sjálfrar á hægri skjánum. Ef svo fari vegna mistaka, að umræddur hnappur sé stilltur á mælingu úr kyrrstöðu, muni vinstri skjárinn sýna samanlagðan ökuhraða lögreglubifreiðarinnar og þeirrar bifreiðar, sem á móti komi og mælingin beinist að. Hægri skjár ratsjárinnar eigi þá að vera auður, ef hún starfi eðlilega.

Þegar ákærði var stöðvaður á Stekkjarbakka eftir akstur yfir Höfðabakkabrá, var hann kvaddur yfir í bifreið lögreglunnar, þar sem hraði bifreiðar hans hafði verið mældur. Segir hann, að talan 107 hafi þá staðið á öðrum skjá ratsjárinnar, en 41 á hinum. Miðað við fyrrgreindar upplýsingar ætti hærri talan að tákna hraða bifreiðar ákærða í kílómetrum á klukkustund, en lægri talan hraða lögreglubifreiðarinnar. Kemur það heim við frásagnir lögreglumanna af mælingunni og akstri bifreiðanna, að svo hafi verið.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdóms-lögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 29. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 281/1990: Ákærvaldið gegn Reyni Haraldssyni, sem tekið var til dóms 14. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 13. mars sl., á hendur Reyni Haraldssyni, Tunguseli 7, Reykjavík, fæddum 3. júní 1942, „fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 13. janúar 1990 bifreiðinni R-4981 suður Höfðabakka í Reykjavík með allt að 107 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli að Höfðabakkabru.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1989.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir

Laugardaginn 13. janúar sl. voru lögreglumennirnir Birgir Hilmarsson og Jónas H. Þorgrímsson í umferðareftirliti á lögreglubifreiðinni KS-895. Veittu þeir athygli bifreiðinni R-4981, þar sem henni var ekið suður Höfðabakka, og sýndi ratsjártæki töluna 107 km/klst, en hámarkshraði á þessum vegarkafli er 60 km/klst. Lögreglumenn stöðvuðu akstur bifreiðarinnar við Stekkjarbakka og höfðu tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, Reyni Haraldssyni. Ákærði kvaðst telja, að hann hefði ekið á 50 til 60 km/klst. Sagði ákærði ekki mögulegt, að bifreið sín næði mældum hraða.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt, sektargreiðslu og 1

mánaðar ökuleyfisviptingu þann 18. janúar sl., en því boði hafnaði hann. Dómari felldi úr gildi bráðabirgðaökuleyfisviptingu, sem ákærða var gert að sæta frá 13. janúar sl.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi 23. apríl sl.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-4981 aðfaranótt laugardagsins 13. janúar sl. um Vesturlandsveg og suður Höfðabakka, uns lögreglan stöðvaði akstur hans við Stekkjarbakka. Bar ákærði, að hann hefði ekið á 50-60 km hraða m/v klst., enda hefði hann verið að tala í talstöð, meðan á akstri stóð. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við akstur annarra bifreiða suður Höfðabakka, en hafa veitt athygli tveimur bifreiðum, er óku brúna á Höfðabakka til norðurs, og hafi aftari bifreiðin verið lögreglubifreið.

Ákærði kvaðst hafa séð niðurstöðu mælingar, og hafi talan 107 verið í öðrum glugga ratsjárinnar, en talan 41 í hinum glugganum.

Vitnið Birgir Hilmarsson lögreglumaður kom fyrir dóm vegna rannsóknar málsins þann 23. apríl sl. og 27. apríl sl.

Vitnið bar, að það hefði verið í eftirliti á Höfðabakka 13. janúar sl. Kvaðst vitnið hafa séð bifreið ákærða, er hún kom upp á hæðina, og hefði hún komið inn í radarinn skömmu síðar. Vitnið bar, að bifreið ákærða hefði verið eina bifreiðin, sem kom á móti lögreglubifreiðinni. Það kvaðst ekki minnast þess, að önnur bifreið hefði ekið norður Höfðabakka á undan lögreglubifreiðinni. Vitnið bar, að kærð tala, 107 km/klst., hefði verið læst, þegar eftir að hún var lesin af ratsjónni. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði hefði hægt á sér, er hann mætti lögreglubifreiðinni. Hefði lögreglubifreiðinni verið snúið við og bifreið ákærða veitt eftirför. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til þess að staðsetja nákvæmlega á uppdrætti, hvar bifreið ákærða var, þegar hún var mæld, hvar lögreglubifreiðin var, né heldur, hvar bifreiðarnar mættust. Vitnið bar, að það hefði ásamt Jónasi lesið af ratsjónni, þegar ákærði var hraðamældur. Vitnið kvaðst muna, að ákærði hefði tjáð sér, að bifreið hans kæmist ekki upp í mældan hraða.

Vitnið Jónas H. Þorgrímsson lögreglumaður kom fyrir dóm vegna rannsóknar málsins 23. og 27. apríl sl.

Vitnið bar, að það hefði verið ökumaður bifreiðarinnar KS-895, er hraðamæling varðandi hraða bifreiðarinnar R-4981 var gerð. Vitnið kvað lögreglubifreiðina hafa mætt bifreið ákærða neðarlega í brekkunni, rétt ofan við mörkin, sem markast við Árbæjarsafn, og hefði mæling átt sér stað skömmu áður. Vitnið bar, að ratsjá lögreglubifreiðarinnar hefði þá sýnt 107 km/klst. Kvaðst vitnið hafa sett viðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar á og hafið eftirför. Vitnið bar, að bifreið ákærða hefði verið eina bifreiðin, sem var ekið á móti lögreglubifreiðinni, og hefði það ekki stöðvað akstur annarra bifreiða það kvöld vegna grunar um of hraðan akstur.

Kvaðst vitnið ekki minnst þess, að önnur bifreið hefði ekið á undan lögreglubifreiðinni norður Höfðabakka. Vitnið kvaðst muna nokkurn veginn, að hraði lögreglubifreiðarinnar við mælingu hefði verið u.þ.b. 50 km m/v klst.

Vitnið skýrði svo frá, að það hefði ekki fylgst með hraða lögreglubifreiðarinnar í upphafi eftirfarar, en er það nálgadist Stekkjarbakkann, hefði verið jafnt bíl á milli bifreiðanna, og hefði hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá sýnt 90-100 km/klst.

Vitnið kvaðst ekki hafa veitt athygli, að ákærði hefði dregið úr hraða bifreiðar sinnar, er hann mætti lögreglubifreiðinni.

Vitnið kvaðst ásamt Birgi hafa lesið af ratsjánni, þegar ákærði var hraðamældur. Ekki kvaðst vitnið muna sérstaklega eftir prófun ratsjárinnar. Það kvaðst ekki geta fullyrt, hvort báðar tónkvíslar hefðu verið notaðar við prófun eftir mælingu. Vitnið ber, að það treysti sér ekki til að staðfesta á uppdrætti, hvar bifreið ákærða var, þegar hún var mæld, hvar lögreglubifreiðin hefði verið, né heldur, hvar bifreiðarnar hefðu verið, þegar þær mættust. Kvað vitnið það hugsanlega hafa verið 50 m milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðar ákærða, er mæling fór fram og tölunni læst.

Vitnið Ólafur Gunnarsson gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi. Kvaðst vitnið minnst þess að hafa ekið norður Höfðabakka þann 13. janúar sl.

Vitnið bar, að það hefði mætt bifreið ákærða ofan til við miðja brekkuna, milli ljósanna á Bæjarhálsi annars vegar og Vesturlandsvegar hins vegar. Vitnið bar, að þegar það hefði séð, hver var á ferð, hefði það kallað á ákærða í talstöð og þeir tekið tal saman. Bar vitnið, að sambandið hefði slitnað, er komið var niður á Vesturlandsveg yfir ljósin þar. Vitnið bar, að ákærði hefði ekið á frekar hægri ferð, er þeir mættust, á u.þ.b. 40 - 50 km m/v klst. Vitnið kvað umferð hafa verið mjög litla á þessum slóðum.

Vitnið Dagbjartur Sigurbrandsson, umsjónarmaður umferðarljós Reykjavíkurborgar, kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að umferðarljós á Bæjarhálsi væru alumerðarstýrð. Væru málmskynjarar u.þ.b. 5 og 30 m frá götuvita norðan við Bæjarhálsinn og u.þ.b. 5 m frá götuvita sunnan megin. Bar vitnið, að væri engin umferð, loguðu rauð ljós. Væri ekið yfir skynjara, kviknaði rauðgult ljós í tvær sekúndur og síðan grænt.

Að beiðni dómara framkvæmdi lögreglan hraðamælingu á bifreið ákærða, R-4981, þann 26. apríl sl. vegna fullyrðingar ákærða um, að bifreið hans nái ekki 107 km hraða miðað við klukkustund. Prófun stjórnandi Guðmundur Ingi Sigurðsson, varðstjóri í umferðardeild. Lögreglu- maðurinn Ásmundur K. Ásmundsson ók bifreiðinni. Bifreiðinni var ekið af stað á gatnamótum Vesturlandsvegar og Höfðabakka, og var hraði hennar mældur tvisvar sem næst þeim stað, sem ætlað er, að hún hafi verið

hraðamæld á þann 13. janúar sl. Fyrri skiptið mældist hraði hennar 109 km m/v klst. og hið síðara 111 km m/v klst.

Ákærði gerði þær athugasemdir við prófunina, að ekki hefðu verið samþæfilegar aðstæður á vettvangi og voru þann 13. janúar sl., er verið hafi myrkur og hálka, og að mæling hefði farið fram sunnar í brekkunni þann 26. apríl.

Ásmundur K. Ásmundsson lögreglumaður kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að við prófunina hefði hann ekið með oliugjöfina í botni í fyrri skiptið, en ekki í það síðara. Kvaðst hann ekki hafa fylgst eins nákvæmlega með hraðamæli R-4981 í fyrri skiptið, en hann hefði farið yfir 100 km/klst., en ekki náð 107 km hraða. Í síðara skiptið hefði hraðamælir sýnt 118 km/klst.

Niðurstaða.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir, þegar gögn málsins eru virt, einkum niðurstaða ratsjarmælingar, sem færð var í dagbók, og framburður þeirra tveggja lögreglumanna, sem að mælingu stóðu, vera sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, enda ekkert komið fram við rannsókn málsins um, að ekki hafi verið rétt staðið að mælingu. Þykir ekki skipta máli í því sambandi, að eingöngu önnur tónkvíslin hafi verið notuð við prófun eftir mælingu.

Varðar brot ákærða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1966 13/10 Sakadómur Rvík. Nr. 6461. Sátt: 300 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dómsins að telja, en frá dregst bráðabirgðasvipting ökuréttinda frá 13. janúar til 18. janúar sl., samtals 6 dagar. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 25.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Reynir Haraldsson, greiði 10.000 kr. í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa, en til frádráttar komi bráðabirgðasvipting ökuréttinda frá 13. janúar til 18. janúar sl., samtals 6 dagar. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar hdl., skipaðs verjanda síns, kr. 25.000.
